

Kerhraunsfréttir

VATNSMÁLIN

Samkvæmt samtali mínu við Margréti sveitastjóra þá er verið að vinna að fullum krafti við að kanna ástand lagnarinnar og einnig mun verða farið í eins fljótt og mögulegt er að setja nýja lögn í hluta Kerhraunsins (austan megin) þar sem sá hluti er nánast ónýtur. Það er líka búið að gera vegi fyrir 29 lóðir (á vinstri hönd þegar keyrt er inn í landið) og á þeim lóðum verður byrjað að byggja á næsta ár og eru lóðirnar þá 130 í Kerhrauninu. Sveitastjórinn vill undirstrika að algjörlega er óheimilt að tengast inn á vatnslögnina nema með leyfi hreppsins. Nú það sem liggur fyrir á næsta ári er að fara í girðingarmálin en eins og svo margir vita þá eru þau í miklum ólestri og hluti girðingarinnar er inn á lóðum sumra þeirra sem liggja næst Miðengisgirðingunni. Nú svo þarf að koma upp merkingunum sem þá þegar eru komnar austur en tókst ekki að koma í jörð fyrir frost. Um þetta allt verður fjallað síðar og mun það ekki fara fram hjá ykkur þegar stjórnin lifnar við í byrjun nýja ársins.

Þar til við heyrumst næst - Látið fara vel um ykkur við arinneldinn.

Kveðjur Guðrún

